

Úrskurður nr. 10/2011

Í dag var hjá Tollstjóranum kveðinn upp svofelldur

Úrskurður

Kærandi: P

Kæruefni: Tollflokkun á búnaði til að breyta reiðhjóli í rafknúð vélhjól

I. Kæra

Með ódagsettu bréfi barst embættinu kæra þann 16.02.2011 vegna ákvörðunar embættis Tollstjóra um tollflokkun á „Electric bike conversion kit“ frá fyrirtækinu Changzhou Saintronix co. í Kína í tnr. 8714.1900. Sendingin kom til landsins þann 14.02.2011 og ber sendingarnúmer. F 771 14 02 1 BE LGG P010.

II. Megiröksemdir kæranda

Kærandi lítur svo á að tollflokka beri sams konar vöru í tollskrárnúmer 8711.1001 þar sem búnaðurinn leiði ekki af sér hraðaaukningu umfram 25 km á klukkustund. Kærandi leggur fram skírteini frá framleiðanda því til stuðnings og vísar til orðalags vöruliðar 8711 og viðeigandi skiptinga í undirliði.

III. Niðurstaða

Ágreiningur í málinu snýst um búnað til að breyta reiðhjóli í rafknúð vélhjól „Electric bike conversion kit“. Það samanstendur af motor, gjörð, stjórnþúnað, hemilsstöng og inngjöf. Búnaðurinn er af tveim gerðum EBCK-FG og EBCK-RG en ekki verður séð að mikill munur sé þar á.

Samkvæmt 20. gr. tollalaga nr. 88/2005 skulu innflytjendur færa vöru til tollflokks í viðeigandi tollskjöllum samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar sem birtar eru í viðauka I við tollalögin. Reglurnar eru birtar fremst í tollskránni en einnig er að finna athugasemdir í byrjun hvers flokks og kafla skrárinnar sem ráða túlkun hverju sinni. Tollflokkun skal byggð á orðalagi *vöruliða* og athugasemda við viðeigandi *flokka* og *kafla* skv. túlkunarreglu 1. Verði því ekki við komið skal fylgja öðrum túlkunarreglum eftir því sem við á svo fremi sem það brjóti ekki við framangreinda reglu. Þá segir í 1. málslíð reglunnar að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Flokkun vara í *undirliði* einstakra vöruliða skal jafnframt byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við þá í viðeigandi köflum tollskrárinnar skv. túlkunarreglu 6.

Við tollflokkun á setti eða samstæðu skal beita túlkunarreglu 3b að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við orðalag vöruliða og athugasemda tollskrárinnar við tilheyrandi kafla og flokka. Sett eða samstæða af því tagi sem hér um ræðir er ekki nefnd í texta tollskrárinnar. Skilgreiningu á hugtakinu sett (samstæða) samkvæmt tollskrá er hins vegar að finna í skýringabókum Alþjóða tollastofnunarinnar og er hún eftirfarandi;

1. Verður að innihalda a.m.k. tvo hluti sem flokkast hver um sig í mismunandi vöruliði
2. Verður að innihalda hluti sem saman þjóna ákveðnum tilgangi eða uppfylla sem heild ákveðnar þarfir
3. Verður að vera umbúið saman til smásölu

Öll þessi skilyrði verða að vera uppfyllt. Ekki verður annað séð en umrædd vara uppfylli öll þessi skilyrði og telst varan því til setts eða samstæðu með vísan til þess sem hér að framan greinir. Við tollflokkun vörunnar verður því að beita túlkunarreglu 3b. Af því leiðir að líta ber til höfuðtilgangs við not vörunnar eða þess sem helst einkennir vöruna eins og segir í reglunni. Vörunni er ætlað að breyta reiðhjóli í mótorhjól en um er að ræða hluta og fylgihlutar til að gera það kleyft. Hlutar og fylgihlutar til ökutækja í vöruliðum 8711 – 8713 skulu tollflokkast í vörulið 8714. Varan hefur þann höfuðtilgang að búa til mótorhjól eins fram hefur komið. Umræddir hlutir skulu því færðir undir vörulið 8714 og undirlið 1900, en undirliður 1900 tekur til annarra vara en sérstaklega eru tilgreindar í öðrum undirliðum vöruliðar 8714. Varan, þ.e. búnaður til að

breyta reiðhjóli í rafknúið vélhjól „Electric bike conversion kit“. fellur þannig undir tollskrárnúmer 8714.1900

ÚRSKURÐARORÐ

Embætti Tollstjóra úrskurðar skv. 21. gr. tollalaga nr. 88/2005 með vísan til þess sem að framan er rakið að varan „Electric bike conversion kit“sem flutt var inn með sendingu með sendingarnr. F 771 14 02 1 BE LGG P010 skuli fært undir tollskrárnúmer 8714.1900.

Kæruréttur

Úrskurðinu er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 118 gr. tollalaga.